

2. apríl 2004
SÍ-16382

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, 509. mál á 130. löggjafarþingi.

Með bréfi dags. 11. mars 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Efni þess er lækkun á gjaldtöku ríkisins vegna skráningar félaga og rekstrar einstaklinga í eigin nafni.

Almennt séð er óæskilegt að taka gjöld af rekstrarumsvifum umfram þann kostnað sem hið opinbera ber af þeim. Heppilegra er því að skattar leggist á breiða og almennt skilgreinda tekjustofna fyrirtækja og einstaklinga fremur en kostnaðarliði. Hins vegar hefur lengi tíðkast hér á landi að ríkissjóður afli tekna með þessu móti og er sú tekjuöflun sem til umfjöllunar er í frumvarpinu aðeins lítið brot af henni og langt í frá sú þyngsta. Nægir í því sambandi að benda á stimpilgjald. Vegna þessa og vegna nauðsynjar á aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu misserum er ljóst að þessar tekjur ríkissjóðs ætti ekki að lækka nema aðrar komi á móti eða að ríkisútgjöld verði skorin niður samsvarandi. Í þessu sambandi er reyndar um tiltölulega lágar fjárhæðir að ræða, eða samkvæmt lauslegum áætlunum um 100-150 m.kr. Breytingin gæti hins vegar gefið almennt fordæmi fyrir aðra íþyngjandi gjaldtöku. Því er ekki rétt að ráðast í hana eina og sér nema brýnt sé talið af hagkvæmnis- og samkeppnisástæðum.

Í greinargerð með frumvarpinu er sýndur alþjóðlegur samanburður sem gæti bent til að þessi gjaldtaka skekki samkeppnisstöðu og virki óþarflega hamlandi á stofnun félaga. Á móti kemur að reynsla undanfarinna ára bendir ekki til þess að gjaldtakan virki mjög hamlandi enda hefur fjölgun skráðra félaga verið um 6 til 9% á ári síðustu þrjú ár sem upplýsingar hafa verið birtar fyrir, þ.e. 2000 til 2002.

Sedlabankinn telur í ofangreindu ljósi ekki brýna þörf vera til þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur eðlilegra að þær verði skoðaðar í viðtækara samhengi hugsanlegra breytinga á samsetningu skattheimtu ríkissjóðs. Leiði þróun næstu ára eða nánari skoðun í ljós að þessi gjaldtaka reynist meira hamlandi og samkeppnisskekkjandi en nú virðist gæti orðið tilefni til að breyta henni.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri